



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 15. nóvember 2022

Þann 15. nóvember var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í um 96,5% grunnstöðugilda í leikskólum og um 88% í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 56,5 grunnstöðugildi í leikskólum og 38,5 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

	Austurmiðstöð (Árbær/Grafarholt/ Grafarvogur)	Norðurmiðstöð (Laugardalur/Háa leiti)	Suðurmiðstöð (Breiðholt)	Vesturmiðstöð (Vesturbær, Miðborg/Hlíðar)	Samtals
Leikskóli	15,2	15,3	6,5	19,5	56,5
Frístundaheimili/Sértækar félagsmiðstöðvar	10,6	14,6	8,0	5,5	38,7
Fjöldi stm í fríst.starfi	23	30	16	6	75

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 15. nóvember 2022

Í leikskóla á eftir að ráða í 56,5 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborið við 83 þann 11. október síðastliðinn og 90,3 stöðugildi í september 2022. Ekki var tekin staðan á mönnun í leikskólum í nóvember 2021 en þann 7. október 2021 átti eftir að ráða í 46,4 grunnstöðugildi í leikskólum. Að auki á eftir að ráða í samtals 21,1 stöðugildi vegna afleysinga er varða undirbúning, veikindaafleysingar og önnur störf frá 25,5 sl. mánuð. Þau stöðugildi hafa ekki áhrif á inntöku barna í leikskóla. Samtals á því eftir að ráða í 77,6 stöðugildi sem er talsverð fækkun frá samtals 108,5 stöðugildum þann 11. október síðastliðinn. Í raun er búið að ráða í tæp 42 stöðugildi síðan í síðustu stöðutöku en það fjölgaði um 15 stöðugildi sem eftir á að ráða í hjá öðrum leikskólum. Ráðningar eru og verða síkvikar en hægt og bítandi eru ráðningar í leikskólunum að komast í meira jafnvægi.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvum á eftir að ráða í 38,7 stöðugildi eða um 75 starfsmenn samanborið við 43,8 stöðugildi þann 11. október síðastliðinn og 19,8 stöðugildi þann 7. október 2021 en staða mönnunar var ekki tekin í nóvember fyrir ári. Ráðið hefur verið í 88% stöðugilda samanborið við 86% þann 11. október sl. og 92% þann 7. október 2021. Af þeim 4.282 börnum sem eru með virka umsókn eru 204 börn á biðlista frá 341 barni 11. október síðastliðinn. Í hlutavistun eru 350 börn samanborið við 473 börn við síðustu stöðutöku.



Reykjavíkurborg

Staðan á ráðningum er tekin til að fylgjast með hvernig gengur að ráða og styðja þá starfsstaði sem eru í meiri mönnunarvanda sem getur m.a. haft áhrif á getu þeirra til að taka inn börn sem búið er að bjóða þjónustu. Niðurstöðurnar eru m.a. nýttar til að ákveða auglýsingaherferðir og mannauðsráðgjafar, fagstjórar og deildarstjórar barnastarfs í borgamiðstöðvunum fá upplýsingarnar til þess að geta haft betri yfirsýn og stutt sína starfsstaði eftir fremsta megni.



Fylgiskjöl

Tölfræði um stöðu ráðninga og áhrif á þjónustu.

Leikskólar

	Aðstoðar-leikskólastjóri	Grunnstöðugildi á deildum	Sérkennslustjóri	Úthlutað sérkennsla
Austurmiðstöð	2,0	6,2	0,0	7,0
Norðurmiðstöð	1,0	6,5	2,3	5,5
Suðurmiðstöð	0,0	0,0	0,0	6,5
Vesturmiðstöð	4,0	8,0	0,5	7,0
Samtals	7,0	20,7	2,8	26,0

Tafla 1a - Fjöldi grunnstöðugilda í leikskólum sem á eftir ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

	Afleysing vegna undirbúnings	Veikinda-afleysing	Matráður í eldhúsi ef við á	Aðstoðarmaður í eldhúsi ef við á
Austurmiðstöð	1,6	0,0	0,0	0,0
Norðurmiðstöð	3,5	2,0	0,0	1,0
Suðurmiðstöð	1,5	4,0	0,0	0,0
Vesturmiðstöð	5,0	1,0	1,0	0,5
Samtals	11,6	7,0	1,0	1,5

Tafla 1b - Fjöldi annarra stöðugilda í leikskólum sem ég eftir að ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar

	Frístundaheimili		Sértæk félagsmiðstöð	
	Fj. stöðugilda	Fj. starfsmanna	Fj. stöðugilda	Fj. starfsmanna
Austurmiðstöð	10,6	23		
Norðurmiðstöð	4,5	9	10,1	21
Suðurmiðstöð	6,0	12	2,0	4
Vesturmiðstöð	5,5	6		
	26,6	50	12,1	25

Tafla 2 - Fjöldi stöðugilda og starfsmanna í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.



	Fjöldi kt.	Samþykkt	Þar af hlutavistun	Biðlisti	Hlutfall barna á biðlista
Austurmiðstöð	1.484	1.339	151	145	9,8%
Norðurmiðstöð	1.197	1.190	88	7	6,6%
Suðurmiðstöð	653	630	65	23	14,2%
Vesturmiðstöð	948	919	46	29	0,7%
	4.282	4.078	350	204	4,8%

Tafla 3 - Fjöldi barna, samþykkt barna, hlutfall samþykkt barna í hlutavistun, fjöldi barna á biðlista, hlutfall á biðlista